

Útsýni Ellings

BÆKUR

Skáldsaga

ELLING. PARADÍS Í SJÓN MÁLI

eftir Ingvar Arnbjørnsen (kvikmyndin Elling var tilnefnd til óskarsverðlauna, segir á bókarkápu). Einar Ólafsson þýddi (sennilegast úr norsku), bókin kom fyrst út fyrir tíu árum. 188 bls. Almenna bókafélagið 2003.

„Alla mína ævi hef ég alið með mér djúpa tortryggni gagnvart því sem fólk sagði um sig sjálft. Ekki að ég héldi að það færi með lygi. En ég þóttist viss um að það undanskildi fullt af upplýsingum. Upplýsingum sem mundu, ef ég gæti bara raðað þeim saman í heildarmynd, tengja mig þessum persónum, fá mig til að treysta á þær“ (42). Svona hugsar hinn einræni, sérvitri og léttgeggjaði Elling en eftir að móðir hans deyr kemur hann sér fyrir í herbergi hennar með stóran sjónauka á fæti til að geta „rannsakað“ líf fólksins í blokkinni á móti. Hann er ekki gluggagægir í kynferðislegri merkingu orðsins, hann horfir gagntekinn á líf annarra því hann á ekkert líf sjálfur. Hann getur í eyður, býr til samhengi og spinnur upp atriði úr lífi nágrannanna (aðallega beinir hann sjónum að daglegu lífi sjötugar konu, Rigemor Jølsen) og trúir því á meðan að hann hafi „stjórn á hlutunum“ (9). Þegar lengra liður á rannsóknina fara ágiskanir hans og ímyndun að rekast harkalega á veruleikann og hann kemst í mikið uppnám vegna þess að allt er öðruvísi en það virðist við fyrstu sýn (105).

Elling er haldinn sjúklegri vanafestu og öryggisfíkn sem birtast skýrt í samskiptum hans við annað fólk. Meðan hann getur verið áhorfandi að lífi annarra, látið hugann reika og átt sínar ljúfu stundir með myndum af Gro Harlem Brundtland gengur allt að óskum. En þegar hann þarf að tala við afgreiðslukonu á pósthúsi, svara í síma eða fara til dyra missir hann tókin. Lýsingar á hugarástandi hans eru oft grátbrostlegar, t.d. þegar hann eltir Rigemor Jølsen á læknastofu: „Hinar hræðilegustu myndir komu upp í huga mér. Ég mundi eftir heilsubókinni sem stóð alltaf í neðstu hillu heima. Ég hafði ekki opnað hana árum saman, hún hafði verið hin mikla ógn bernsku minnar. Hræðileg brunasárin á upphandlegg konu. Sýfilissárið á kynfærum karlmanns. Allir húðsjúkdómarnir! Í litum. Þar að auki voru myndir og heilu opurnar þar sem sýndur var alls konar bakteriugróður. Það var nóg til að verða örvilnaður“ (94). Þegar liður á söguna verður augljóst að undir kyrrlátu yfirborði Ellings er afar viðkvæmur og sjúkur hugur. Eftir innrás Félagsþjónustunnar í líf hans og harða baráttu við fiskbúðing og ísskápshurð (151-2) er greinilegt að Elling verður að fara á stofnun. Textinn sýnir vel spennuna milli daglegra, venjubundinna athafna þar sem allt er í föstum skorðum og undarlegar hugarstarfsemi sem rífur niður varnir Ellings hvað eftir annað og kippir undan honum fótunum. Og í draumlífinu hefur hann heldur enga stjórn, þar upplifir hann niðurlægingu, sekt og spillingu. Í bókarlok hefur friðsæll og fastskorðaður heimur Ellings algerlega vikið fyrir óreiðunni, sveittur og skelfdur er hann ofurseldur eigin ímyndun og einangrun hans rofin.

Kvikmyndin vinsæla um Elling hefst þar sem þessi bók endar. Bækurnar um Elling eru alls fjórar og er tilhlökkunarefni að lesa þær. Efasemdir vakna þó um hvort karlgreyið hafi burði til að standa undir bók, bíómynd og leikriti sem á víst að færa upp hér á landi

bráðlega. Þýðing Einars Ólafssonar er góð, án staðfærslu veitir hún skemmtilega innsýn í norskt samfélag. Titill sögunnar, Paradís í sjónmáli, er undarlega hátíðlegur miðað við frummálið, Utsikt til paradiset. Á tveimur stöðum í sögunni talar Elling um „útsýni til paradísar“ (108, 137) sem er bein þýðing og vísar til útsýnisins úr sjónaukanum. Að hafa paradís í sjónmáli er allt annað og felur í sér fagra framtíð þar sem allt verður harla gott. Það ekki við um Elling, í einsemd sinni er hann áhorfandi að lífi annarra gegnum sjónauka og mun aldrei öðlast paradísarvist.

Steinunn Inga Óttarsdóttir